

Samfélags- og náttúrufræði 3. - 4. b.

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

3, 4

Lýsing

Samfélags- og náttúrufræði - og í einstaka tilfellum samþætting við aðrar greinar - s.s. íslensku og myndmennt.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag:

Innlagnir kennara, einstaklingsvinna nemenda sem og hópa- og paravinna.

Verkefni bæði bókleg sem verkleg.

Námsmat:

Símat - vinna og verkefni nemenda eru metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Námsefni:

Könnum kortin 1-2

Halló heimur 1-2

Ýmislegt annað efni, svo sem þemaverkefni.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Í byrjun hvers tíma er um innlögð frá kennara að ræða og/eða upprifjun á því sem gert var í síðasta tíma, áður en áfram er haldið. Nemendur verkefni bæði munnlega og skriflega, föndra og setja upp leiksýningar - allt eftir því hvaða tilgangi verkefnaskilunum er ætlað að þjóna. Nemendur fá tækifæri til að setja fram verkefnin eftir eigin hugmyndum (skapandi skil) þar sem hægt er að koma því við.

Mikið er lagt uppúr því að nemendur séu færir um að vinna einir sér - eða í para- og hópvinnu eftir eðli verkefna.

Námsaðlögun

Kennari aðlagar verkefni að þörfum nemenda - styttr og breytir ef þurfa þykir. Mikið er lagt uppúr að nemendur hafi sjálfir eitthvað um það að segja hvernig þeir skila- og vinna verkefni.

Námsmat

Námsmatið er símat. Öll verkefni vetrarins eru metin jafnt og þétt og nemendum gerð grein fyrir því hvað hefur vel til tekist og hvað mætti betur fara.

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b.

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
- Þekkir til mismunandi menningarheima og trúarbragða.
- Þekki helstu hættur á heimili sínu og í nærumhverfi.

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b. - Reyntuheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Geti sagt frá sinni heimabyggð, séreinkennum og staðháttum.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Geti útskýrt muninn á árstíðabundnu náttúrufari.
- Átti sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Átti sig á einkennum og sérstöðu Íslands í heiminum.
- Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og komið auga á þarfir og vandamál.
- Átti sig á mismunandi fjölskyldugerðum og mikilvægi fjölskyldunnar.

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b. - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Geti útskýrt þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi.
- Geti útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi.
- Geti framkvæmt og sagt frá einföldum athugunum (t.d. náttúra, dýr og veður)
- Kunni skil á mikilvægi endurvinnslu og geti flokkað úrgang.

- Geti útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans (einkastaðir).
- Kunni skil á nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu (hringrás vatns).

VS - Samfélags-/náttúrugreinar - 1.-4.b. - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Geti sýnt tillitssemi og unnið með öðrum með ólíkar skoðanir og þarfir.
- Geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.